


# Hagfræði í hnotskurn



RSE



## Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál

### Fræðirit RSE

RSE beitir sér fyrir útgáfu fræðirita sem talin eru hafa sérstakt gildi fyrir þjóðmálaumræðu og samfélagsskipulag á Íslandi. Rit þessi geta bæði verið þýðingar erlendra verka eða frumsamin innlend verk.

RSE er sjálfstæð og óháð rannsóknarmiðstöð sem hefur það að markmiði að efla skilning á mikilvægi eignarréttar og frjálsra viðskipta fyrir framsækið og lýðræðislegt samfélag. RSE er ekki rekin í hagnaðarskyni og starfar eftir staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988.

Í þessu riti birtast aðeins hugmyndir höfunda, sem þurfa ekki nauðsynlega að endurspeglu stefnu eða hugmyndir RSE, eða þeirra einstaklinga sem skipa ráð og stjórnir á hennar vegum.

Henry Hazlitt

# Hagfræði í hnotskurn

Haraldur Johannessen  
þýddi



Bókafélagið Ugly

*Hagfræði í hnotskurn*

Bókafélagið Ugly ehf.  
í samvinnu við RSE — Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál  
Reykjavík 2008

Bókin kom fyrst út í íslenskri þýðingu hjá Nýja Bókafélaginu árið 2000.  
2. útgáfa 2008

Copyright © 1962 and 1979 by Henry Hazlitt  
Copyright © 1946 by Harper & Brothers  
Þessi þýðing er gefin út skv. samkomulagi við Crown Publishers,  
sem er hluti af Random House, Inc.

Íslensk þýðing © Haraldur Johannessen 2000  
Inngangur © Birgir Þór Runólfsson 2008

Kápa: Jónsson & Le'macks  
Umbrot: Bókafélagið Ugly  
Prentvinnsla: WS Bookwell, Finnlandi

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9979-651-02-4

# EFNISYFIRLIT

<i>Inngangur</i> eftir Birgi Þór Runólfsson . . . . .	7
<i>Formáli þessarar útgáfu</i> . . . . .	19
<i>Formáli fyrstu útgáfu</i> . . . . .	21

## FYRSTI HLUTI: LEXÍAN

I. Lexían . . . . .	29
---------------------	----

## ANNAR HLUTI: LEXÍAN Í RAUNVERULEIKANUM

II. Brotna rúðan . . . . .	37
III. Blessuð eyðileggingin . . . . .	39
IV. Opinber störf kalla á skatta . . . . .	47
V. Skattar draga úr framleiðslu . . . . .	55
VI. Lán breyta framleiðslunni . . . . .	58
VII. Árans vélvæðingin . . . . .	69
VIII. Aðgerðir til að deila vinnunni . . . . .	85
IX. Herskarar kerfiskarla . . . . .	92
X. Trúaratriðið um fulla atvinnu . . . . .	96
XI. Hverja vernda tollarnir? . . . . .	99
XII. Áherslan á útflutninginn . . . . .	112
XIII. „Fastverð“ . . . . .	119

HENRY HAZLITT

XIV. Að bjarga iðnaði X . . . . .	129
XV. Þannig virkar verðið . . . . .	136
XVI. Að halda vöruverði „stöðugu“ . . . . .	144
XVII. Verðstýring ríkisins . . . . .	153
XVIII. Áhrif hámarksleigu . . . . .	164
XIX. Lög um lágmarkslaun . . . . .	172
XX. Hækka verkalýðsfélög raunlaun? . . . . .	180
XXI. „Nóg til að kaupa framleiðsluna sjálfir“ . . . . .	195
XXII. Hlutverk hagnaðarins . . . . .	204
XXIII. Verðbólgan er ópíum fólksins . . . . .	210
XXIV. Atlagan að sparnaðinum . . . . .	227
XXV. Hnykkjum á lexíunni . . . . .	243

ÞRIÐJI HLUTI: LEXÍAN, ÞRJÁTÍU ÁRUM SÍÐAR

XXVI. Lexían, þrjátíu árum síðar . . . . .	257
<i>Áhugaverðar bækur</i> . . . . .	269

# INNGANGUR

*eftir Birgi Þór Runólfsson*

„Hagfræðin felst í því að líta ekki aðeins á skammtímaáhrif stefnu eða ákvarðana heldur einnig á langtímaáhrifin, og að skoða afleiðingarnar ekki aðeins fyrir einn hóp heldur alla hópa.“

Á þennan hátt dregur Henry Hazlitt saman hagfræðina í hnotskurn. Almennt séð er fólk ekki vel að sér í kenningum hagfræðinnar, enda má segja að það geti bæði verið erfitt og tímafrekt að draga af þeim lærdóm. Meginþorri almennings leggur því ekki stund á hagfræði með beinum hætti, en fær þess í stað efnahagslega vitneskju með hjálp milliliða m.a. úr fjölmiðlum. Fjölmiðlar, og þeir sem þar starfa, gegna því mikilvægu hlutverki í að uppræða lesendur, tilheyrendur og áhorfendur um flókin efnahagsmálefni.

Bandaríkjamaðurinn Henry Hazlitt var einn af þeim fjölmiðlamönnun sem lagði sig sérstaklega fram við þessa iðju. Hann starfaði lengst af sem blaðamaður á þekktum dag- og vikublöðum

vestan hafs. Bandaríski rithöfundurinn, og samtímamaður Hazlitts, H. L. Menken taldi hann „einn af fáum hagfræðingum sögunnar sem kann þá list að skrifa“. Ritfærni Hazlitts gerði honum kleift að útskýra á einfaldan, en jafnframt skýran og hnitmiðaðan hátt nokkur helstu grundvallaratriði hagfræðinnar. Að þessu leyti minna skrif Hazlitts á skrif franska blaðamannsins og þingmannins Frédéric Bastiat sem uppi var á fyrri hluta 19. aldar. Bastiat er líklega sá hagfræðingur sem best hefur tekist að útskýra hagfræðina fyrir hinum almenna lesenda. Hazlitt var eins og Bastiat sjálfmenntaður hagfræðingur og báðir höfðu þeir djúpan skilning á efnahagsmálum og fræðunum þar að baki. Báðum tókst þeim einnig að fjalla um hagræn efni á máli sem fleiri en sérfræðingarnir einir skilja.\* Það er því viðeigandi þegar Hazlitt segist í formála sínum eiga stærstu skuldina Bastiat að gjalda. Hann vitnar til ritgerðarinnar „Um hið sýnilega og hið ósýnilega“ sem Bastiat ritaði um miðja 19. öld.\*\* Í þeirri ritgerð Bastiats er í raun að finna allt það sem Hazlitt telur skipta meginmáli hér. Hazlitt segist ekki vera að gera annað en að færa skrif Bastiats í nútímabúning. Þetta hefur honum tekist einstaklega vel, og með nokkurri útvíkkun þó.

Henry Hazlitt fæddist í Philadelphia-borg í Bandaríkjunum hinn 28. nóvember 1894. Hann missti föður sinn ungar að árum

\* Þess má geta að séra Arnljótur Ólafsson sem birti fyrsta íslenska hagfræðiritið árið 1879, *Auðfræði*, byggði mikið á Bastiat. Sjálfur segir Arnljótur í formála sínum: „Langmest hefi ég farið eftir kenningum Friðreks Bastiats, hins nafnfræga auðfræðings Frakka ...“ Sjá Arnljótur Ólafsson: *Auðfræði*, 2. prentun, Reykjavík: Fjölsýn Forlag, 1988 [1880], bls. xiv.

\*\* Ritgerðina má finna í Frédéric Bastiat: *Selected Essays on Political Economy*, Irvington-on-the-Hudson, New York: FEE, 1995.



og þar sem móðir hans var litlum eignum búin sótti hann skóla fyrir fátæka föðurlausa drengi fyrstu námsárin. Þegar móðir hans giftist á ný fluttu þau til New York borgar þar sem Hazlitt stundaði megnið af skólagöngu sinni. Eftir miðskóla hóf hann nám við Borgarháskólann (City College) í New York, en sá skóli innheimti ekki skólagjöld. Hann varð hins vegar að hætta námi að nokkrum mánuðum liðnum þegar móðir hans varð ekkja öðru sinni og Hazlitt varð að fá sér launaða vinnu til að sjá fyrir henni. Í stað formlegrar menntunar með skólasókn bætti Hazlitt sér það upp með lestri vandaðra bóka og fræðirita.

Hazlitt vann ýmis störf áður en áhugi hans á blaðamennsku kviknaði. Hann réðst á viðskiptadagblaðið *The Wall Street Journal*, fyrst sem ritari hjá ritstjórninni en síðar fékk hann það verkefni að skrifa í reglulegan dálk um fjármál. Í framhaldinu kviknaði áhugi hans á hagfræði. Las hann helstu hagfræðirit af kappi og varð smám saman að framúrskarandi hagfræðingi. Eftir að Hazlitt hætti á *The Wall Street Journal* skrifaði hann greinar í ýmis önnur dagblöð og tímarit, svo sem *The New York Times* (1934–1946) og *Newsweek* (1946–1966), um fjölbreytt málefni, þó mest um efnahagsmál. Eftir að hann hætti að rita fasta dálka í *Newsweek* var hann eftirsóttur dálkahöfundur og birtust pistlar hans í fjölda blaða og tímarita.

Henry Hazlitt lést á 99. aldursári hinn 8. júlí 1993. Þá hafði hann ritað þúsundir greina í blöð og tímarit, flestar um hagfræði og efnahagsmál, og 15 bækur að auki. *Hagfræði í hnotskurn* (*Economics in One Lesson*), ritaði hann árið 1946 og var hún fyrsta bók hans um hagfræði. Bókin varð strax vinsæl, náði hátt á metsölulista *The New York Times* en stoppaði þó þar stutt við enda fyrsta prentun

einungis 3.000 eintök og varð fljótt uppseld. Allar götur síðan hefur þessi bók notið mikilla vinsælda og verið mikið lesin. Hún hefur verið endurútgefin hvað eftir annað vestanhafs. Hún hefur verið þýdd á um tug tungumála og selst í meira en einni milljón eintaka. Hazlitt endurskoðaði bókina í lok áttunda áratugar síðustu aldar og varð þá núverandi útgáfa til. Þrátt fyrir að liðin séu þrjátíu ár frá því sú endurskoðun fór fram verður lesanda bókarinnar fljótt ljóst að í grundvallaratriðum hefur lítið breyst og að hún á jafnmikið erindi nú sem fyrr. Bókin tekur á grundavallaratriðum í hagfræði og er auk þess þægileg aflestrar. Hvorugt er bundið við stað og stund. Hazlitt færir ágæt rök fyrir máli sínu og skýrir síðan niðurstöðurnar með fjölda dæma. Með þessum efnistöfum, stuttri röksemdafærslu og lýsandi dæmum, tekst honum betur en flestum að útskýra grunnatriði í hagfræði á alþýðlega hátt.

Hazlitt gerir þó meira en að útskýra grunnatriði hagfræðinnar. Hann bendir á ýmsar hagfræðilegar ranghugmyndir sem sífellt skjóta upp kollinum í þjóðmálaumræðunni. Slíkar ranghugmyndir búa því miður oft að baki efnahagsaðgerðum stjórnvalda. Jafnframt þessu útskýrir Hazlitt hvers vegna ranghugmyndir í hagfræði eru svo útbreiddar. Þetta gerir hann í upphafi máls síns þegar hann bendir á þann vanda sem virðist innbyggður í hagfræðilega umræðu og gerir það margfalt erfiðara að auka skilning á hagfræði samanborið við aðrar fræðigreinar. Þessi vandi stafar af því að hagfræðin fjallar um það sem mönnum er hvað kærast, lífsafkomu og tekjur og þar með völd. Afleiðingin er sú, að sífellt koma fram einstaklingar og hópar sem leggja sig í líma við að halda fram kenningum um efnahagsmál sem eru rangar en til þess fallnar að bæta þeirra persónulega hag. Hazlitt segir að hinn fræðilegi eða

faglegi vandi hagfræðinnar sé út af fyrir sig nægur, þótt ekki sé á hann bætt málflutningi sérhagsmunanna. Aðrar fræðigreinar, svo sem eðlisfræði, stærðfræði eða læknisfræði, þurfa ekki að glíma við áþján sérhagsmunanna. Það er t.d. ekki til hópur manna sem berst fyrir því að fá þyngdarlögmálinu breytt eða að það sé ógilt, enda myndi slík barátta ekki leiða til ávinnings fyrir neinn. Þessu er öðruvísi farið í efnahagsmálunum eins og Hazlitt bendir á: „Þó að ákveðin stjórnarstefna væri öllum til hagsbóta þegar til langs tíma er litið, þjónar einhver önnur stefna einum hópi á kostnað allra hinna.“ Sá hópur sem hefur beinna hagsmuna að gæta af þeirri stjórnarstefnu reynir þá að færa fram rök fyrir henni af þeirri þekkingu og sannfæringarkrafti sem hann hefur tök á. Hópurinn ræður til sín hina færustu menn sem völ er á og til þess eins að verja öllum tíma sínum til kynningar á málstað hópsins. Hópnum, eða málsvara þeirra, tekst að lokum annað hvort að sannfæra almenning um að málstaðurinn sé góður, eða rugla hann svo í ríminu að nær útilokað er fyrir hann að átta sig á staðreyndum málsins. Fjöldi ranghugmynda skemmir þannig meira fyrir hagfræðinni en flestum öðrum fræðigreinum.

Eitt markmið Hazlitts með bókinni er að slá á ýmsar ranghugmyndir sem sérhagsmunahópar og talsmenn þeirra reyna að halda að fólki. Bókin er þannig að hluta greining á „hagfræðilegum ranghugmyndum sem eru orðnar svo útbreiddar, að þær eru næstum orðnar að nýjum rétttrúnaði“. Það sem hefur komið í veg fyrir svo hafi orðið eru mótsagnirnar sem í ranghugmyndunum felast. Þær hafa skipt þeim sem fallast á sömu forsendur og hafa sömu hagsmuni í hundruð mismunandi hópa, af þeirri einföldu ástæðu að útilokað er að hafa alltaf rangt fyrir sér varðandi hluti

sem snerta daglegt líf. Hann segir að það sem skilji hópana að sé þó einungis það að einn áttar sig fyrir en annar á þeim fátánleika sem ranghugmyndirnar eru að leiða hann út í. Hann verður þá ósamkvæmur sjálfum sér með því annað hvort að falla óafvitandi frá hinum röngu forsendum sínum eða að sætta sig við niðurstöður sem eru ekki jafn óþægilegar eða fráleitar.

Annar meginþáttur sem leiðir af sér nýjar hagfræðilegar ranghugmyndir er sú tilhneiging að horfa aðeins til beinna áhrifa tiltekinnar stefnu eða áhrif hennar á tiltekinn hóp, í stað þess að horfa á hver langtímaáhrifin eru bæði á þennan hóp og alla aðra. Þannig er í raun aðeins verið að horfa til beinu áhrifinna til skemmri tíma fyrir ákveðinn hóp, en horft fram hjá beinu og óbeinu áhrifunum til lengri tíma og hvaða áhrif stefnan hefur á aðra einstaklinga og hópa. Eða m.ö.o. aðeins tekið tillit til hinna augljósu áhrifa en horft fram hjá þeim sem blasa síður við. Þessi villa leiðir til þess sem Hazlitt kýs að kalla góða hagfræði annars vegar og vonda hagfræði hins vegar. Vondi hagfræðingurinn, segir Hazlitt, sér „einungis það sem blasir beint við; hinn [góði] lítur einnig á það sem fjær er. Vondi hagfræðingurinn sér aðeins beinu afleiðingarnar af tiltekinni áætlun; hinn horfir einnig á óbeinu afleiðingarnar. Vondi hagfræðingurinn sér einungis hvaða áhrif ákveðin stefna hefur haft eða mun hafa á einn ákveðinn hóp; góði hagfræðingurinn athugar hvaða áhrif stefnan mun hafa á alla hópa.“ Í stjórnmalunum er oft freistandi að boða aðgerðir eða ráðast í framkvæmd sem skilar ábata fyrir hóp sem talinn er mikilvægur og það fyrir fremur en síðar. Þetta er freistandi jafnvel þótt stjórnmalamaðurinn átti sig á neikvæðum áhrifum á aðra hópa og að þau séu meiri en þau jákvæðu í heild svo framalega sem

Þetta verði ekki lýðum ljóst fyrr en síðar. En það kemur jafn-an að skuldadögum: „Í dag er kominn morgundagurinn sem hinn vondi hagfræðingur gærdagsins hvatti okkur til að hugsa ekki um,“ segir Hazlitt. Langtímaáhrif sumra hagfræðilegra ákvarðana koma fram innan nokkurra mánaða, önnur eftir nokkur ár og enn önnur ekki fyrr en löngu síðar. En „eins og dagur fylgir nótt er þó fullvíst að langtímaáhrifin eru í öllum tilvikum bein afleiðing þeirrar stefnu sem fylgt er“. Þótt mikilvægt sé að forðast að einblína á bein skammtímaáhrif á ákveðinn eða þröngan hóp má það ekki leiða til þess að farið sé í hina öfgana, þ.e. að horfa aðeins á langtímaáhrifin og áhrifin á heildina. Sumar ákvarðanir eða aðgerðir sem skila munu mestu og bestu til lengri tíma fyrir allan almenning geta stundum haft mikil slæm neikvæð áhrif á tiltekinn hóp til skemmi tíma. Auðvitað verður að skeyta um slíkt engu síður en langtíma- og heildaráhrif og leita leiða til að bæta afmörkuðum hópum tjón sem þeir verða fyrir vegna aðgerða sem nýtast heildinni.

Hazlitt bendir á að góð hagfræði verði oft undir í keppninni við vonda hagfræði. Vöndu hagfræðingarnir fara ekki að öllu leyti með rangt mál, heldur kynni oft hálf sannleik, beinu áhrifin á einn hóp. Þeir láti hins vegar oftast ógert að segja allan sannleikann og rekja áhrif tillagna sinna á alla hópa til langs tíma. Þetta tekst þeim oft vel, því það krefst oft langs, flókens og leiðinlegs málflutnings, sem erfitt er að átta sig á og fæstir nenna að sitja undir, að rekja hagrænar afleiðingar tiltekinna aðgerða í heild sinni.

Hazlitt telur að sú ríkisstjórn sé vart til sem ekki er undir áhrifum einhverra efnahagslegra ranghugmynda, og „ef til vill er athugun á þeim, og þá sér í lagi þeim grundvallar misskilningi sem þær byggja á, einfaldasta og besta leiðin til að öðlast skilning á hagfræði. Í

Þessari bók er að minnsta kosti gert ráð fyrir að svo sé“. Hann útskýrir helstu lögmál efnahagslífsins og skýrir þau með fjölda dæma, þannig að helstu ranghugmyndir þjóðfélagsumræðunnar standa oft berstrípaðar eftir. Útskýringar hans eru með því besta sem hægt er að lesa í fræðunum og með því að fylgja vel eftir röksemdum hans má læra margt. Hazlitt fjallar um hlutverk verðs og hagnaðar, útskýrir hvað býr að baki verðbólgu, atvinnusleysi og kreppu. Hann útskýrir líka áhrif lágmarkslauna, hámarksleigu, stéttarféлага, hárra skatta, aukinnar tæknivæðingar á atvinnu og hlutverk sparnaðar í þjóðfélagi. Með þessu opnar hann völundarhús hagfræðinnar fyrir lesandanum og gerir honum kleift að átta sig betur á þjóðfélagsumræðunni. Alls kyns hagfræðileg endaleysa virðist eiga greiðan aðgang í fjölmiðlana án nokkurra fyrirvara.

Ein ranghugmyndin er sú að útflutningur vöru og þjónustu sé góður fyrir þjóð en innflutningur vöru og þjónustu sé vondur. En þessu er þó öfugt farið, ódýrari innfluttar vörur og aukið vöruúrval fyrir neytendur eru einmitt meginkostir frjálsra viðskipta þjóðanna. Útflutningur okkar á vörum og þjónustu er leiðin til að greiða fyrir innflutning og hefur engan annan sjálfstæðan tilgang. Oft má lesa eða heyra í fjölmiðlum að vöruskiptajöfnuður eða viðskiptajöfnuður hafi verið óhagstæður, í þeirri merkingu að meiri verðmæti hafi verið flutt inn en út. Hverjum er það óhagstætt? Ef að mér byðist að láta frá mér minna af verðmætum fyrir meiri verðmæti þá myndi ég að sjálfsögðu þiggja þau kjör, enda eykst hagur minn við það. Það sama á við um aðra einstaklinga. Segjum nú að öllum Íslendingum bjóðist að eiga slík viðskipti við einstaklinga í Danmörku á tilteknu tímabili. Niðurstaðan yrði þá að meiri verðmæti hafi verið flutt inn en út, og svokallaður halli

væri því á viðskiptunum. En væri ekki eðlilegra að segja að þetta væri hagstæður viðskiptajöfnuður fremur en óhagstæður.\*

Önnur ranghugmynd er að hinar ýmsu atvinnugreinar þjóðar hafi mismunandi mikilvægi fyrir þjóðina og að þær mikilvægustu verðskuldi stuðning ríkisvaldsins, t.d. í formi styrkja eða tolla. Orka er t.d. mjög mikilvæg, ekki aðeins í formi rafmagns og heits vatns, heldur einnig olía, gas og sólarorka. Hvað með heilbrigðisþjónustu? Já, eða samgöngu- og fjarskiptastarfsemi? Hvað með matvælaframleiðslu, eða veitingastaði? Enginn getur sagt til um hvað eru mikilvægustu atvinnugreinarnar, enda breytist eftirspurn eftir afurðum þeirra sem og tæknin við framleiðsluna stöðugt og við það breytist mikilvægi þeirra.

Ranghugmyndin um að tæknibreytingar eða vélvæðing leiði af sér atvinnuleysi ætlar seint að deyja. Það er að vísu rétt að vél- eða tæknivæðing sparar vinnuafli. Það þýðir hins vegar alls ekki aukið atvinnuleysi. Tæknibreyting sem sparar vinnuafli og lækkar þannig kostnað er í raun ekkert annað en dæmi um aukna framleiðni og meiri verðmæti fyrir alla frá viðkomandi atvinnugrein. Sú aukning kallar á aukna eftirspurn eftir vinnuafli í öðrum atvinnuvegum. Ef eitthvað er ætti atvinnustig frekar að vaxa en minnka í framhaldinu.

Tengd þessari ranghugmynd um áhrif vélvæðingarinnar eru hugmyndir um að deila vinnunni, t.d. með því að stytta vinnuvikuna. Þessi ranghugmynd byggir einnig að því er virðist á því að heildarfjöldi starfa sé föst stærð. Þessi leið gengur aðeins upp ef einstaklingar eru reiðubúnir að fá lægri laun samhliða færri

\* Það er auðvitað annað mál, ef halli á viðskiptajöfnuði er greiddur með lánsfé. Þá er spurningin hvort hagkvæmt sé að taka lán til að halda uppi neyslu.

vinnustundum. Þessi leið mun til lengri tíma hafa þveröfug áhrif en þau sem stuðningsmenn hugmyndarinnar ætluðu, meiri kostnað fyrir atvinnurekendur og þar af leiðandi færri störf, eða m.ö.o. meira atvinnuleysi.

Enn ein ranghugmyndin af þessum toga er sú hugmynd að innflutningur á vinnuafli muni fækka þeim störfum sem standa þeim sem fyrir eru til boða. Það er rétt að aukið framboð af vinnu-afli mun hafa áhrif til lækkunar launa, en það skilar sér þá aftur á móti í auknum fjölda starfa. En innflutningur vinnuafis á sér jafnan stað í hagkerfi sem er í mikilli uppsveiflu og því er ekki mjög líklegt að laun lækki. En aðalatriðið er að tala starfa er ekki föst stærð, fjöldi starfa veltur á launakostnaði, tækni og heildareftirspurn í hagkerfinu.

Málsvörn fyrir góða hagfræði og frjáls viðskipti hefur oftast verið erfitt verkefni. Sjálfur Adam Smith lýsti þessu sem nánast vonlausu verkefni í bók sinni *Auðlegð þjóðanna* árið 1776. Í því riti setti hann fram vel rökstudda gagnrýni á kaupauðgistefnuna (mercantilism), en það má nota sem samheiti um efnahagsstefnu stjórnvalda víðsvegar í Evrópu á 18. öld sem gekk út á haftabúskap og sérleyfi handa völdum aðilum. Smith útskýrði hvernig sú stefna dró úr auðlegð og velferð almennt, jafnvel þó tilteknir aðilar eða hópar hefðu hag af henni. Í framhaldi setti hann fram það mat sitt að frjáls viðskipti á Bretlandseyjum væru jafnólíkleg og að Útópía sjálf yrði að veruleika.

Smith taldi að tveir þættir réðu mestu um að hindra frjáls viðskipti.\* Það eru annars vegar fordómar almennings (þ.e. rang-

\* Sjá Adam Smith, *An Inquiry into the Nature and Causes of the Wealth of Nations*, 1776, (Edwin Cannan ritstj. 5. útg. 1904), bls. 435.



hugmyndir) og hins vegar sérhagsmunir. Það síðarnefnda taldi hann, eins og Hazlitt, veigameira og miklu erfiðara viðfangs. „Það eru ekki aðeins fordómar almennings,“ segir Smith, „heldur það sem meira er óvinnandi, sérhagsmunir einstakra aðila, sem eru sem ókleifur veggur gegn frjálsum viðskiptum.“ Með fordómum almennings á Smith við það að margir virðast eiga erfitt með fylgja óhlutlægum og flóknum rökum hagspekinga, sem sýna fram á yfirburði markaðarins gagnvart óhóflegum afskiptum stjórnvalda af efnahagsmálum. Með sérhagsmunum einstakra aðila hefur Smith í huga hinn mikla fjölda ólíkra hagsmunahópa sem hagnast á höftum sem stjórnvöld setja á til að koma í veg fyrir almenna samkeppni, og því berjast þessir hópar fyrir höftum. Smith óttaðist að þessir tveir þættir til samans myndu koma í veg fyrir að rökin fyrir efnahagslegu frelsi fengu nokkurn tíma brautargengi í heimi hugmyndanna og stjórnmalanna. Þetta var á síðari hluta 18. aldar.

Þegar Hazlitt gaf út núverandi útgáfu af *Hagfræði í hnotskurn* réttum tveimur öldum síðar, taldi hann að útlitið væri dökkt, en ekki alveg vonlaust. Hann taldi mögulegt að þjóðir heims sneru af rangri leið áður en skaðinn væri orðinn óbætanlegur; einhverjir stjórnmalamenn væru jafnvel farnir að átta sig á þessu. Vonir hans virtust rætast um sinn þegar stjórnvöld víðsvegar á Vesturlöndum breyttu áherslum í efnahagsmálum og boðuðu frjálsum viðskipti á níunda og tíunda áratug 20. aldar. Til viðbótar féll efnahagskerfi kommúnistaríkjanna í Austur-Evrópu og frjálsum viðskipti hófu innreið sína þar. Hazlitt taldi engu að síður að lexían hefði ekki verið nægilega vel numin né heldur af nægilega mörgum. Ranghugmyndirnar voru enn til staðar, jafnvel rótgrónari á vissum

HENRY HAZLITT

sviðum en áður, þó ýmsar ranghugmyndir hefðu hopað á öðrum sviðum.

Þó að bókin taki að mestu mið af bandarísku hagkerfi í dæmisögum sínum, ætti íslenskum lesendum fljótlega að verða ljóst að öll sömu lögmál efnahagslífs og hagsmunatogstreitu gilda hér á landi. Ritið á því fullt erindi til okkar Íslendinga sem og annarra þjóða. *Hagfræði í hnotskurn* kom út í fyrstu útgáfu hér árið 2000. Ungur hagfræðingur og blaðamaður, Haraldur Johannessen, núverandi ritstjóri *Viðskiptablaðsins*, þýddi verkið á íslensku og átti frumkvæði að útgáfunni. Ritið kemur nú út í annarri útgáfu að frumkvæði RSE, Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál, nær óbreytt nema með nýjum inngangi.

*B.P.R.*  
*Reykjavík*  
*september 2008*